



Ráðningarsamningur

_____ kt. _____ og _____
félag þjálfari
kt. _____ hafa í dag gert með sér eftirfarandi launþegasamning:

1. Verksvið þjálfara

_____ tekur að sér þjálfun _____ flokks/flokka frá og með _____. Í því felst að þjálfari ber ábyrgð á allri þjálfun flokksins/flokkanna, undirbúningi fyrir keppni, umsjón með liði/liðum í keppni, vali í liðið og öllu því sem snertir beint þjálfun liðsins.
Þar að auki skal þjálfari sjá um eftirtalin atriði:

2. Launamál o.fl.

Laun þjálfara skulu samkvæmt þessum samningi vera kr. _____ á mánuði/dag. Við þau bætast orlofsgreiðslur og lífeyrissjóðsgreiðslur. Þjálfara ber að fá greidd laun verði hann fyrir veikindum eða öðrum sambærilegum forföllum á samningstímanum. Þjálfari á rétt á 30 daga orlofi á ári. Það orlof skal taka samkvæmt eftirfarandi reglum:

Þjálfari á rétt á að eftirtaldar sérkröfur séu greiddar til viðbótar þeim launum sem samið er um hér að framan: kostnaður vegna bifreiða, fargjalda, (til heimilis hans), síma og húsnæðis.

Þjálfara ber að fá greidda dagpeninga samkvæmt eftirfarandi reglum: kr. _____ fyrir hvern æfingadag þar sem fjarvist fer yfir _____ klst. Vegna aksturs í þágu starfsins greiðast kr. _____ fyrir hvern ekinn km.

Laun þjálfara skulu greidd beint/inn á reikning nr. _____ vikulega ef um daggreiðslur er að ræða en fyrir 10. hvers mánaðar ef um mánaðargreiðslur er að ræða. Fyrsta greiðsla fari fram þ. _____ (strikið yfir það sem ekki á við).

Dagpeningar og bifreiðagreiðslur skulu greiddar út eftir á fyrir allt tímabilið/eftir hvern mánuð/eftir hvert skipti (strikið yfir það sem ekki á við).

Ef framkvæmd og sundurliðun launagreiðslna er með öðru móti en hér kemur fram, vísast í viðauka sem er hluti þessa samnings. Þar koma einnig fram heildargreiðslur til þjálfara.



3. Réttindi og skyldur þjálfara

Þjálfari heyrir undir stjórn knattspyrnudeildar og formann hennar. Formaður er jafnframt yfirmaður þjálfara. Sérstakar undantekningar á þessu eru nefndar hér á eftir. Þjálfara ber að fara eftir þeim lögum og ákvæðum sem KSÍ setur.

Þjálfari skal skipuleggja æfingaáætlun fyrir _____ flokk, ásamt æfingaferðum sem farnar eru í samráði við formann. Skal þá tekið tillit til þess fjárhagsramma sem stjórnin telur sig bundna af. Áætlanir þessar skulu kynntar stjórn félagsins með góðum fyrirvara. Þjálfari ákveður og ræður æfingaáætlunum og einstökum æfingum. Úrskurð varðandi agabrot á æfingum tekur þjálfari einn. Þetta á ekki við um alvarleg brot þar sem ástæða er til að taka málið til umfjöllunar með formanni eða stjórn deildarinnar. Þegar þjálfari tekur ákvarðanir varðandi agabrot, skal hann gera grein fyrir ákvörðun sinni við formann eins fljótt og auðið er. Hann kemur málinu á framfæri við stjórn.

Breytingar á leikmannahópi liðsins á keppnistímabilinu skal leggja fyrir stjórn af fjárhagslegum og íþróttalegum ástæðum. Þjálfari skal halda fundi með stjórn knattspyrnudeildar þar sem skal gera grein fyrir frammistöðu flokksins og einstakra leikmanna.

Skyldur þjálfara gagnvart útbúnaði til æfinga og leikja eru:

Þjálfara er óheimilt að taka að sér þjálfun hjá öðru félagi á meðan samningur þessi er í gildi.

Önnur sérstök réttindi þjálfara:

Dæmi: Félagið skal sjá þjálfara fyrir æfingafatnaði. Þjálfara er heimilt að sækja námskeið eða endurmenntun á kostnað félagsins, að upphæð allt að kr. _____

Aðrar sérstakar skyldur þjálfara:

Dæmi: Þjálfara ber að klæðast fatnaði félagsins þegar hann kemur fram fyrir hönd þess.

4. Gildistími samningsins

Samningur þessi gildir frá og með _____ til og með _____ og er hann óuppsgejanlegur á þeim tíma með eftirfarandi undantekningu: Hægt er að segja honum



upp frá og með _____ til og með _____. Sé það ekki gert, skoðast samningurinn endurnýjaður. Ef samningum er sagt upp á öðrum tíma er uppsagnarfresturinn _____ mánuðir.

5. Afleiðingar sammingsbrots/upsagnar

Komi til sammingsbrots eða geti annar hvor sammingsaðila ekki uppfyllt samninginn af einhverjum ástæðum, er hægt að segja samningnum upp einhliða. Um sammingsbrot (gildar ástæður uppsagnar) vísast til viðauka þessa sammings.

6. Tilvísun í ákvæði kjarasamninga

Umsamin laun þjálfara breytast í hlutfalli við launavísitölu.



VIÐAUKI

Laun þjálfara skulu samkvæmt samningi þessum vera eftirfarandi.

Heildarlaun _____

Þau greiðast á eftirfarandi hátt:

Við undirskrift _____

Á mánuði: _____

Á undirbúningstímabili _____

Á keppnistímabili _____

Bifreiðakostnaður _____

Annað (s.s. dagpeningar,
sími, fargjöld, húsnæði) _____

Launauppbætur vegna árangurs skulu vera eftirfarandi:

Fyrir hvern leik: _____

Í Íslandsmóti _____

Í bikarkeppni _____

Fyrir sæti _____

Fyrir Evrópukeppni _____

Annað _____



GILDAR ÁSTÆÐUR FYRIR FYRIRVARALOUSRI UPPSÖGN

Þjálfari kærir félag

Endurtekin óstundvísi (eftir aðvaranir)

Óafsakanleg fjarvera (eftir aðvaranir)

Gróf móðgun við stjórn félags

Þjálfari neitar að ræða við stjórn að hennar ósk

Mútur og mútugreiðslur

Lagabrot (svo framarlega sem það hefur áhrif á starfið)

ÓGILDAR ÁSTÆÐUR FYRIR FYRIRVARALOUSRI UPPSÖGN

Enginn árangur (jafnvel langvarandi)

Veikindi

Málefnaleg gagnrýni

SÉRSTÖK TILFELLI

Móðganir við leikmenn

Gagnkvæmar móðganir milli þjálfara og félags

Yfirlýsingar í fjölmiðlum sem skaða félagið

Hótanir um uppsögn